



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 11. október 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnarsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykóhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Jóhanna sat fundinn í fjarfundi. Einnig sátu ráðgjafar frá Alta undir lið 2 á dagskránni.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 2. september 2021.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 2004013 - Endurskoðun á Aðalskipulagi Reykólahrepps 2006 -2018.

Lögð var fram tillaga að Aðalskipulagi Reykólahrepps 2021-2033 á vinnslustigi sem samanstendur af

- Skipulagsgreinargerð, dags. 11.10.2021
- Umhverfismatsskýrsla, dags. 11.10.2021
- Skipulagsupprættir, dags. 11.10.2021

Uppdráttur 1

- Austurhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000
- Reykólar - mkv. 1:10.000

Uppdráttur 2

- Vesturhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000

Uppdráttur 3

- Breiðafjarðareyjar - mkv. 1:70.000
- Flatey - mkv. 1:10.000

Þemaupprættir

- Vegir í náttúru Íslands, aðrir en þjóðvegir
- Flokkun landbúnaðarlands

*Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd samþykkir að kynna framlagða aðalskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tillagan og umhverfismatsskýrslan verði birt á vef til kynningar og send til umsagnaraðila. Ábendinga- og umsagnafrestur verði 4 vikur frá birtingu. Að kynningar- og umsagnartíma loknum verður*

*gengið frá aðalskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu til athugunar Skipulagsstofnunar og síðan auglýsingar með 6 vikna athugasemdafresti. Samþykkt samhljóða.*

**3. 2110004 – Deiliskipulag Hólatröð, breyting.**

Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hólatröð sem unnin var af Landmótun. Um er að ræða að parhúsalóð nr. 5-7 verði breytt í raðhúsalóð nr. 5-7- 9 og raðhúsalóð nr. 6-8 verði breytt í einbýlishúsalóð nr. 6. Um er að ræða óverulega breytingu.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt þar sem engin athugasemd var gerð við breytinguna eftir grenndarkynningu. Samþykkt samhljóða.*

**4. 2110005 - Preststún 2336878, ósk um leyfi til byggingar sumarhúss.**

*Erindi lagt fram, málinu frestað til næsta fundar.*

**5. 2110002 - Sjávarhæðarmælar í Reykhólahöfn.**

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni dagsett 4. október 2021.

*Hafnarnefnd óskar eftir frekari kynningu frá Vegagerðinni vegna málsins. Samþykkt samhljóða.*

**6. 2110003 - Cycling Westfjords, merking stika og staúra.**

*Nefndin tekur jákvætt í erindið. En bendir á að leita þurfi samþykktar landeigenda eða Vegagerðarinnar eftir atvikum. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2110006 - Umsögn um löggildingu hafsögumanns.**

Lögð er fram umsókn frá Birni Samúelssyni vegna endurnýjunar á skírteini.

*Hafnarnefnd veitir jákvæða umsögn við umsókn Björns Samúelssonar um löggildingu hafsögumanns á Breiðafirði. Samþykkt samhljóða.*

**Önnur mál (ef einhver):**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____